


Svar

innanríkisráðherra við fyrirspurn frá Björgvini G. Sigurðssyni um fikniefnabrot.

1. *Hve margir hafa afplánað fangelsisrefsingar fyrir fikniefnabrot á Íslandi árin 1980–2015 og hvert hefur hlutfall þeirra verið af öllum sem hafa afplánað dóma á tímabilinu? Svarið óskast sundurliðað eftir árum.*

Svar við þessum lið fyrirspurnarinnar má sjá í eftirfarandi töflu og línuriti. Upplýsingar sem þar koma fram eru ástæður fangavistar á ári hverju. Þær eru fengnar með því að telja saman annars vegar þá sem ljúka afplánun á hverju ári og hins vegar fjölda þeirra sem sitja inni í lok árs. Með þessari aðferð má sjá hve margir eru í afplánun innan hvers árs (og hlutfallið) fyrir brot gegn 173. gr. a almennra hegningarlaga og laga um ávana- og fikniefni. Maður sem hefur verið dæmdur í mörg ár er því í afplánun um nokkur áramót þannig að þetta eru ekki upplýsingar um fjölda einstaklinga heldur tilefni brots innan hvers árs.

Ár	Fjöldi	Hlutfall	Ár	Fjöldi	Hlutfall
1980	23	11,3	2000	55	25,1
1981	21	11,4	2001	75	29,5
1982	26	12,2	2002	79	31,5
1983	40	16,2	2003	91	28
1984	22	10,7	2004	75	23,7
1985	16	6,4	2005	96	31,5
1986	33	10,9	2006	111	34
1987	30	10,4	2007	92	31,9
1988	32	10,8	2008	89	28,3
1989	25	7,5	2009	100	30,5
1990	23	6,7	2010	113	34,7
1991	22	6,4	2011	110	30,1
1992	28	8,3	2012	108	27,8
1993	24	7,9	2013	114	30,6
1994	34	10,7	2014	106	30,1
1995	51	13,8			
1996	54	13			
1997	57	18,3			
1998	54	20,1			
1999	55	23,5			



2. *Hve margir hafa verið sakfelldir árlega fyrir brot á lögum um ávana- og fíkniefni árin 1980–2015?*

Samkvæmt upplýsingum frá embætti ríkissaksóknara er einungis hægt að taka út tölur fyrir árin 2000 til nóvember 2015, en ekki tölur fyrir árin 1980 til 1999 og er því ekki hægt að svara þeim hluta fyrirspurnarinnar. Tölur fyrir árin 2000–2015 má sjá í eftirfarandi töflu:

Ár	Fjöldi
2000	155
2001	214
2002	201
2003	296
2004	393
2005	482
2006	459
2007	429
2008	456
2009	366
2010	334
2011	398
2012	429
2013	490
2014	405
2015	409